

---

# Aðalskipulag á Þingeyri

Skilaboð frá íbúafundi 10. október 2020 um aðalskipulag



---

# Inngangur

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar er í endurskoðun og íbúar Dýrafjarðar telja mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða við mótnun aðalskipulags fyrir Þingeyri, Dýrafjörð og nærliggjandi svæði.

Haldinn var íbúafundur þann 10.10.2020 þar sem öllum íbúum var boðið að setja fram sínar skoðanir. Blábankinn, ÖVD og Átak - íbúasamtökin Þingeyrar stóðu fyrir fundinum. Á fundinum var aðalskipulagsferlið kynnt og safnað hugmyndum íbúa um helstu efnisþætti aðalskipulags fyrir Þingeyri. Hugmyndirnar voru síðan unnar áfram í þetta skjal sem kynnt verður Ísafjarðarbæ sem efniviður inn í vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins.



---

# Meginskilaboð um aðalskipulag Þingeyrar



**Fjölskylduvænt þorp.** Hér er gott að ala upp börn. Leik- og grunnskóli, öruggt og snyrtilegt umhverfi, aðstaða til íþróttá og ævintýri. Kjöraðstæður fyrir fjarvinnu og skipta búsetu. Fjölbreytt mannlíf. Jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs.



**Umhverfisvæn útivistarparadís.** Þorpið í firðinum með fjallasýn og við rætur Vestfirsku alpanna. Áhersla á sjálfbærni með græn svæði, göngu- og hjólastíga, umhverfisvernd. Bærinn býr yfir veðursæld og vernd gegn náttúruöflum.



**Sjávarþorp og nýsköpunarbær.** Stutt á miðin og fjörðurinn hýsir fiskeldi. Sögulegur athafnabær fyrir sjávarútveg. Áhersla á sjálfbæra atvinnustarfsemi, nýsköpun og skapandi greinar. Heilsteypt miðsvæði með þjónustu og afþreyingu fyrir íbúa og gesti.



**Miðpunktur Vestfjarða.** Góðar samgöngur. Ljósleiðari í öllum húsum. Miðstöð þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Þjónusta við nærliggjandi byggðir.

# Efni

---

1. Um verkefnið
2. Núverandi staða
3. Framtíðarsýn
4. Lífsgæði
5. Náttúra / umhverfi
6. Athafnalíf
7. Innviðir
8. Áfangastaður
9. Landnýting
10. Næstu skref

---

# 1. Um verkefnið



---

# 1. Um verkefnið

Frjóar hugmyndir hafa komið fram um framtíð Þingeyrar undanfarin ár í samtölum íbúa og velunnara svæðisins. Umræðan markast af þeim miklu breytingum hafa átt sér stað í þorpinu og í Dýrafirðinum síðasta áratug. Þar má telja breytingar í sjávarútvegi, uppbyggingu fiskeldis, óvissu um flugvöllinn, byggingu Dýrafjarðaganga, uppgang í ferðaþjónustu, íbúafjölda, íbúasamsetningu og búsetuformi.

Íbúar hafa undanfarin ár mótað framtíðarsýn og tækifæri fyrir Þingeyri, á íbúáþingum í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar, með stofnun Blábankans og á vettvangi íbúasamtaka Þingeyrar.

Á vormánuðum 2020 var ákveðið að halda opinn hugmyndafund um aðalskipulag fyrir Þingeyri og nærsveitir. Niðurstöðurnar eru birtar hér og nýtast íbúum og Ísafjarðarbæ til samráðs við gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið.



---

# Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi **landnotkun**, **byggðaþróun**, **byggðamynstur**, **samgöngu- og þjónustukerfi** og **umhverfismál**.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

*Skipulagslög nr. 123, 2019*



# Skipulag vinnunnar

Við undirbúning á íbúafundinum var tekið mið af [skipulagslýsingu Ísafjarðarbæjar fyrir gerð aðalskipulagsins](#). Miðað var annars vegar við þéttbýlið á Þingeyri og hins vegar við dreifbýli í öllum Dýrafirði og að landamörkum sveitarfélagsins í Arnarfirði og upp á Dynjandisheiði og upp í Glámu.

Leitað var ráða hjá arkitektunum Ólöfu Valdimarsdóttur og Pálmari Kristmundssyni og upplýsinga aflað, m.a. hjá Ísafjarðarbæ og Skipulagsstofnun. Skoðað var það deiliskipulag sem til er fyrir Þingeyri, en ekki er til deiliskipulag um alla bæjarhluta.

Horft var til þess hvernig önnur sveitarfélög hafa unnið aðalskipulag að undanfögnu. Útgangspunktur vinnunnar var [skýrsla íbúabings frá ÖVD frá 2018 þar sem framtíðarsýn Þingeyrar](#) og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

Lífsgæði	Skólar	Heilsugæsla	Íþróttamiðstöð	Íbúaþróun	
	Menning	Búsetuskilyrði	Fjölskylduvænn		
Náttúra / umhverfi	Alpar vestfjarða	Urðun	Strendur	Varúðarsvæði	Binding kolefnis
	Dýrafjörður	Dýra- og fuglalíf	Græn svæði	Efnistaka	
Athafnalíf	Sjávarútvegur - veiðar	Ferðaþjónusta	Fjarvinna	Skógrækt	
	Iðnaður	Skapandi greinar	Sjávarútvegur - eldi	Landbúnaður	
Innviðir	Vegir og stígar	Fjarskipti	Þjónusta	Endunýtanleg orka	Flugvöllur
	Höfnin	Veitur	Vatnsvernd	Háspennulínur	
Áfangastaður	Útivist	Íþróttir	Minjar og menning	Sjósport	
	Veitingahús	Gisting	Tjaldstæði		

Málefnum aðalskipulags var skipt í fimm flokka í samræmi við lög um aðalskipulag og skipulagslýsinguna. Undir hvern flokk voru greind málefni sem eru á döfnni á Þingeyri og í Dýrafirði.



---

# Opinn íbúafundur

Opinn íbúafundur fór fram þann 10. október 2020. Til fundarins var boðað með dreifibréfi í öll hús í Dýrafirði. Vegna farsóttar fór fundurinn fram á netinu. Notast var við fjarfundarbúnað og var þátttaka íbúa tryggð með notkun á rafrænum gulum miðum þar sem einstaka hugmyndir voru settar fram og ræddar.

Niðurstöðurnar voru til sýnis í Blábankanum, þar sem íbúar gátu bætt við hugmyndum í 10 daga eftir fundinn.

Í kjölfarið unnu Ólöf Valdimarsdóttir, Pálmar Kistmundsson, Ketill Berg Magnússon og Wouter Van Hoeymissen að framsetningu á niðurstöðunum.

Nánari upplýsingar veitir Ketill Berg á [ketill@gmail.com](mailto:ketill@gmail.com)



Frá íbúapingi Byggðastofnunar um framtíð Þingeyrar í mars 2018.

---

## 2. Núverandi staða



# Aðalskipulag Ísafjarðar

Núverandi aðalskipulag Ísafjarðar gildir fyrir árin 2008-2020. Það tekur annars vegar til svæðisins norðan Djúps og hins vegar sunnan Djúps. Fjallað er um þéttbýliskjarna sérstaklega og þar með talið Þingeyri.

*Leiðarljós aðalskipulagsins er það að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannaði sem er til staðar. Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.*

[https://www.isafjordur.is/static/files/Adalskipulag/adalskipulag\\_isafjardarbaejar\\_2008-2020.pdf](https://www.isafjordur.is/static/files/Adalskipulag/adalskipulag_isafjardarbaejar_2008-2020.pdf)


Eldra aðalskipulag fyrir Þingeyri 1985-2005

[http://www.teikn.is/images/verkefni/skipulagsverkefni/thingeyri\\_breytt\\_adalskipulag.pdf](http://www.teikn.is/images/verkefni/skipulagsverkefni/thingeyri_breytt_adalskipulag.pdf)

Skipulagslýsing

<https://www.isafjordur.is/static/files/Skipulag/Adalskipulagsbreyting/19-059-skipulagslysing.pdf>





# Íbúafjöldi

Eftirfarandi tölfræði frá Ísafjarðarbæ sýnir að Þingeyri og Dýrafjörður er fjölmennasta byggðasvæðið í sveitarfélaginu utan Ísafjarðar. Íbúafjöldi hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu fimm árin, sem og fjöldi nemenda í leik- og grunnskóla.

## Íbúafjöldi 1.1.2020

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>400+401 Ísafjörður</b>	2570	2601	2614	2667	2752	2736
<b>410 Hnífsdalur</b>	195	210	204	209	222	213
<b>425+426 Flateyri</b>	267	246	242	247	261	267
<b>430+431 Suðureyri</b>	291	287	271	275	282	294
<b>470+471 Þingeyri</b>	323	299	303	334	309	326

## Fjöldi grunnskólabarna

	2015- 2016	2016- 2017	2017- 2018	2018- 2019	2019- 2020
Grunnskólinn á Þingeyri	29	28	29	29	35
Leikskólinn Laufás Þingeyri	10	12	11	9	13



Opnun Dýrafjarðarganga. Mynd: Elsa María Guðlaugs

---

# 3. Framtíðarsýn



# Öll vötn til Dýrafjarðar - framtíðarsýn til 2028

Sett fram af íbúðum Þingeyrar á íbúabingi í mars 2018

Þingeyri er eftirsóknarverður staður til að búa á með fjölbreytt tækifæri til atvinnu og menningarlífs. Staður sem gott og gaman er að sækja heim. Þingeyri er áberandi snyrtilegt þorp í fallegu og tiltölulega víðlendu byggðarlagi í hjarta Vestfjarða.

Umhverfisvitund og samkennd auðkennir samfélagið við Dýrafjörð, en einnig mikill sköpunarkraftur og fjölbreytt tækifæri til áhugamála. Íbúum hefur tekist að nýta sér nýjustu tækni til framfara og sóknar sem byggja á fjölbreytni.

Þingeyri er fyrirmyndar útvörður í fjölkjarna sveitarfélagi þar sem sátt ríkir um þjónustu, svo og þátttöku og framlag íbúa til málefna sveitarfélagsins.

Í Dýrafirði býr fólk sem kann að nýta orku fjallanna, er þakklátt og gerir sér grein fyrir eigin hamingju. Fólkið er duglegt og er skynsamlegt hvað varðar jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

## Meginmarkmið

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfsvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

---

# Yasuaki Tanago

Japanskur arkitekt sem dvaldi hjá Westfjords Residency og vann greiningu á skipulagi Þingeyrar.

- 01 | Finna jafnvægi sem tryggir lífsgæði - 400 manna þorp
- 02 | Brúa kynslóðarbilið og bjóða árlega 10 ungum fjölskyldum
- 03 | Skapa fjölbreytt störf
- 04 | Bjóða fagfólki frá ólíkum áttum að dvelja á Þingeyri
- 05 | Setja Þingeyri á kortið sem virðisskapandi einingu
- 06 | Endurskapa rótgróna atvinnustarfsemi á Þingeyri
- 07 | Skipuleggja bæjarlag fyrir Þingeyri





# Hugmyndavinna Ítalskra hönnuða




## Heildrænt og einfalt markmið

Setja fram eitt yfirmarkmið og mælanleg undirmarkmið.

## Ferðamenn og frumkvöðlar

Hvernig má gera Þingeyri aðlaðandi fyrir ferðafólk og unga frumkvöðla?



FRANCESCA  
ADAMO

o Participation and  
community

MARCO  
CIBRARIO

o Territorial  
marketing

ELISA  
SARASSO

o Garden and land  
design


ANDREA  
STRALLA

o Local  
development

## Segja sögur Þingeyrar



Nota hönnun til að tengja merkilegu sögu Þingeyrar við framtíð þorpsins með nýrri hönnun.

# Tankur - útilistaverk




Tankur er útilistaverk fyrir gesti á Þingeyri eftir Yasuaki Tanago, Pálmar Kristmundsson og Wouter Van Hoeymissen.


Tankur verður opinn án endurgjalds allan ársins hring og þar má njóta náttúrufrægurðar Dýrafjarðar og skjóls til norðurljósaskoðunar.




# Sólsetur - útilistaverk



Sólsetrið er marþætt listaverk eftir Pálmar Kristmundsson. Það er allt í senn, listasafn náttúrunnar, opinber bygging í eigu samfélagsins, samkomustaður og útsýnispallur, sem ramar inn einstaka náttúrufegurð, sólarlagið og rómaða dýrð Dýrafjarðar. En fyrst og fremst er Sólsetrið upplifunarstaður og tákn fyrir skapandi samfélag í stöðugri þróun.



# Þingeyri og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Heimsmarkmiðin um betri heim eru fyrir alla heimsbyggðina: þjóðir, sveitarfélög og þorp. Ríkisstjórn Íslands hefur sett 65 af 169 undirmarkmiðum þeirra í forgang.

Heimsmarkmiðin tengjast framtíðarsýn Þingeyrar með beinum hætti til að bæta samfélagið og til að sýna umheiminum hvernig fólk getur myndað gott samfélag í sátt við umhverfið - á sjálfbæran hátt.

Alls styðja áherslur íbúa á Þingeyri með beinum hætti við 34 af 65 undirmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.



# Þættir / þemu



Tenging við Heimsmarkmiðin

Lífsgæði	Skólar	Heilsugæsla	Íþróttamiðstöð	Íbúapróun		3.4, 4.4, 4.7, 5.2, 9C, 10.2, 10.3, 11.1
	Menning	Búsetuskilyrði	Fjölskylduvænn			
Náttúra / umhverfi	Alpar vestfjarða	Urðun	Strendur	Varúðarsvæði	Binding kolefnis	8.4, 11.4, 11.6, 12.2, 13.2, 14.2, 14.3, 15.1
	Dýrafjörður	Dýra- og fuglalíf	Græn svæði	Efnistaka		15.2, 15.3, 15.5, 15.6, 15.8, 15.9,
Athafnalíf	Sjávarútvegur - veiðar	Ferðaþjónusta	Fjarvinna	Skógrækt		8.2, 8.5, 8.9, 9.5, 11A, 12.1, 17.17
	Iðnaður	Skapandi greinar	Sjávarútvegur - eldi	Landbúnaður		
Innviðir	Vegir og stígar	Fjarskipti	Þjónusta	Endunýtanleg orka	Flugvöllur	6.3, 6.5, 6.6, 9.1, 11.2,
	Höfnin	Veitur	Vatnsvernd	Háspennulínur		
Áfangastaður	Útivist	Íþróttir	Minjar og menning	Sjósport		8.9, 10.2, 11.4, 15.9
	Veitingahús	Gisting	Tjaldstæði			

---

# 4. Lífsgæði



# Hvað vilt þú að einkenni þennan þátt á Þingeyri næstu 20 árin? - bættu við gulum miða

Lífsgæði	Skólar	Heilsugæsla	Íþróttamiðstöð	Íbúapróun	
	Menning	Búsetuskilyrði	Fjölskylduvænn		

Búsetu-skilyrði í deiluskipulaginu Meiri deiling í frístunda húsnæði og búsetu húsnæði

Úrval afþreyingar

Fjölga og laga útivista göngu/hjólaleiðum

Góð aðstaða til útivistar

living / "being" here is an active choice, a lifestyle.

Öflugur grunn og leiksóla

Lúksus þjónusta og metnaður

fjölskylduvænn bær frístundastarf fyrir ungmenni

Góðir skólar: framsæknir, UT, sjálfsefling, hugarró = efla til vaxtar skapandi og framsæknir

Göngustígar og leiðir fyrir ofan þorpið, fyrir innan og tengjast við háls

Merkta og uppbyggða göngu-, hjóla- og reiðleiðir í kringum Sandafell og í Dýrafirði sem hluta af atvinnuuppbyggingu og lífsgæðum íbúa

Fólk sem kemur og dvelur til lengri tíma líka á veturnar

fjölskylduvænn bær frístundastarf fyrir ungmenni

Sjúksundaðstað og útisána

Lífsgæði	Skólar	Heilsugæsla	Íþróttamiðstöð	Íbúabróun
	Menning	Búsetuskilyrði	Fjölskylduvænn	



### Öflugan grunn og leikskóla

Tryggja að öruggt sé að ganga og hjóla frá íbúðasvæðum að skólum. Gera ráð fyrir að landsvæði skóla sé nægilega stórt til að bregðast við fólksfjölgun.

### Fjölgun fjölbreyttra íbúða

Gera ráð fyrir möguleika á fjölgun íbúa og að búsetu- og fjölskylduform verði fjölbreytt. Gera kleift að byggðar séu litlar íbúðir, smáhýsi og minni einbýlishús.

### Fleiri græn svæði

Fleiri græn svæði til útiveru og afþreyingar. Þar verði gróður og tré, bæði til fegrunar og til þess að skapa skjól. Stígar og gangstéttar tengi þessi svæði saman og við afþreyingu, sundlaugina, víkingasvæðið, Tankinn.

### Sjósundaðstaða og útisána

Taka frá svæði í aðalskipulagi (þar sem ekki renna skólprásir), skilgreina það og ákveða staðsetningu (landnotkun og texti í greinargerð) þannig að skipulag standi ekki í vegi fyrir framkvæmd.

### Göngu og hjólavænn bæ

Markvisst unnið að því að gera Þingeyri að göngu- og hjólavænum bæ svo fólk þurfi ekki að nota einkabílinn til daglegra ferða innan bæjarins

### Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Tryggja áfram landsvæði fyrir heilsugæslu og gera ráð fyrir að þjónustuíbúðum fyrir aldraða muni fjölga.




---

# 5. Náttúra / umhverfi



# Hvað vilt þú að einkenni þennan þátt á Þingeyri næstu 20 árin? - bættu við gulum miða

Náttúra / umhverfi	Alpar vestfjarða	Urðun	Strendur	Varúðarsvæði	Binding kolefnis
	Dýrafjörður	Dýra- og fuglalíf	Græn svæði	Efnistaka	



Náttúra / umhverfi	Alpar vestfjarða	Urðun	Strendur	Varúðarsvæði	Binding kolefnis
	Dýrafjörður	Dýra- og fuglalíf	Græn svæði	Efnistaka	



### Óspillt friðuð útivistarsvæði

Setja hverfisvernd í aðalskipulagi á svæði sem heimamenn telja að eigi að vernda sem óspillt og friðuð.

### Safnsvæði fyrir garðaúrgang og endurvinnslu

Gera ráð fyrir safnsvæði fyrir garðaúrgang og móttöku sorps og hluta til endurvinnslu. Miðsvæðs og vel skipulagt svo snyrtimennska verði auðveld.

### Fuglaskoðun

Gera ráð fyrir að hægt verði að setja upp opin hús til fuglaskoðunar fyrir almenning í Dýrafirði, t.d. Við Mýrarmel, Höfðaodda eða Dýrafjarðarbrú.

### Efnistaka

Skilgreina hvar má taka efni á svæðinu og hver skilyrðin eru.

### Þjóðgarður til útivistar

Skipuleggja nesið milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, sem og Borgarfjörð, Dynjandisvog, Dynjandisheið og Glámu sem umhverfisvænt útivistarsvæði eða þjóðgarð. Þó ekki þannig að ekki megi aka þar eða veiða. Nýta vegina yfir Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði fyrir útivist með bílastæðum og upplýsingaskiltum.

### Græn Skjólvík

Svæðið frá útilistaverkinu úr tanki út fyrir Skjólvík verði skilgreint sem opið grænt útivistarsvæði með útsýni út á sjó.

### Hreinn sjóndeildarhringur

Hreinn fjörður Setja viðmið sem lágmarka sjón- og ljósmengun, hávaða, loft- og lyktarmengun frá mannvirkjum og starfsemi í Dýrafirði.

### Lausaganga búfjár

Setja upp viðmið sem takmarka lausagöngu í Dýrafirði.


---

# 6. Athafnalíf



# Hvað vilt þú að einkenni þennan þátt á Þingeyri næstu 20 árin? - bættu við gulum miða

Athafnalíf	Sjávarútvegur - veiðar	Ferðapjónusta	Fjarvinna	Skógrækt	
	Iðnaður	Skapandi greinar	Sjávarútvegur - eldi	Landbúnaður	



<b>Athafnalíf</b>	Sjávarútvegur - veiðar	Ferðapjónusta	Fjarvinna	Skógrækt
	Iðnaður	Skapandi greinar	Sjávarútvegur - eldi	Landbúnaður



### Enga mengandi starfsemi í Dýrafjörð

Tryggja þarf að ekki sé gert ráð fyrir neinni mengandi starfsemi í Dýrafirði í aðalskipulaginu.

### Stækkun hafnar

Aðalskipulag geri ráð fyrir að hægt sé að stækka núverandi höfn og bæta við flotbryggju við smábátahöfn og aðra í innsta hluta aðalhafnar. Gera fleift í aðalskipulagi að setja upp mannvirki við höfnina til móttöku ferðamanna.

### Fjölbreytt starfsemi við höfn

Gera í skipulagi ráð fyrir blandaðri starfsemi við höfnina, t.d. sjómenn og eldisfyrirtæki geti selt nýveiddan fisk við höfnina, verslanir, ferðapjónusta og skrifstofur í bland við umferð gangandi fólks.

### Skýr viðmið um sjálfbærni

Sett sé fram í aðalskipulagi skýr viðmið fyrir fyrirtæki um umhverfisvernd og sjálfbærni.

### Sjálfbær ferðapjónusta

Uppbygging og innviðir Þingeyrar taki mið af þeim tækifærum sem felast í vaxandi ferðamannaíðnaði á Vestfjörðum. Í þessu tilviki getur Þingeyri orðið að „Hjarta Vestfjarða“ og miðstöð þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Þessu samfara er mikilvægt að hugað sé að innviðauppbyggingu í tengslum við s.k. „stafræna flakkara“ og „silfur-hagkerfið“ sem miða að því að laða til sín fólk á öllum aldri til skemmri eða lengri dvalar.

Athafnalíf	Sjávarútvegur - veiðar	Ferðapjónusta	Fjarvinna	Skógrækt
	Iðnaður	Skapandi greinar	Sjávarútvegur - eldi	Landbúnaður



### Fjölbreytt atvinnustarfsemi

Núverandi atvinnusvæði á Þingeyrarodda gefi möguleika á fjölbreyttri atvinnustarfsemi þar sem blandað er sjávarútvegi, þjónustu, verslun, skapandi greinum og skrifstofum. Líkt og á Granda í Reykjavík.

### Blönduð byggð við miðbæ

Leyfa blandaða byggð við Sjávangötu, Hafnarstræti, Fjarðargötu og Aðalstræti, þar sem lítt truflandi atvinnustarfsemi getur verið í bland við íbúðir, verslun, þjónustu og afþreyingu.

### Nýtt athafnasvæði

Gera ráð fyrir nýju athafnasvæði sunnan við bæinn, við spennistöðina, fyrir ný fyrirtæki sem þurfa frið eða geta valdið hávaða-, lyktar- eða annars konar mengun sem þó er innan marka.

### Sjálbært og framsækið athafnalíf

Uppbygging og innviðir Þingeyrar taki mið að þeim tækifærum sem felast í nútímatækni, þar með talið stafrænu byltingunni. Þá sé sjálfbærni höfð að leiðarljósi og þau fyrirtæki sem starfi á svæðinu skapi virði fyrir svæðið og íbúa þess, efnahagslega og félagslega.

---

# 7. Innviðir





# Hvað vilt þú að einkenni þennan þátt á Þingeyri næstu 20 árin? - bættu við gulum miða

Innviðir	Vegir og stígar	Fjarskipti	Þjónusta	Endunýtanleg orka	Flugvöllur
	Höfnin	Veitur	Vatnsvernd	Háspennulínur	

Merkta og uppbyggða göngu-, hjóla- og reiðleiðir í kringum Sandafell og í Dýrafirði sem hluta af atvinnuuppbyggingu og lífsgæðum íbúa

Ljósleiðarar tenging styrkur okkar og aðráttarafi fyrir aðra til að vinna hér ásamt náttúrulegri orku fjallanna.

Smáhýsabyggð sem samnýtist fyrir ferðaþjónustu og skipta búsetu / stafræna flakkara

Nýta sér góða orku fra Mjólkárvirikjun, þar sem raforkuöryggi er tryggt

Allow flexibility... "pop up areas"... area for tiny houses, food trucks, seasonal activities,...

Less traffic... central parking area, car sharing, encourage people to walk more Think about the height restrictions on buildings... especially towards seafront create a nice, cosy midbaer....

Use harbour more versatile... not just for industry

Increase of industrial area... create new area outside the village (spennustöð ÖV)

Flugvöllur til útflutnings af vörum af svæðinu

Ljósleiðara í öll hús

ekkert óhreinsað skólpi í sjó

Flugvöllur virkur

Bundið slitlag á göngustíga og göngukort

Sinna viðhaldi á opinberum byggingum sbr skólann

Bundið slitlag innan Þingeyrar

völlur virkur

Styrkja útivistarsvæði með því að laga stíga og skipuleggja

Byggja undir miðsvæðið sem menningar, þjónusta og frístundasvæði fyrir íbúa og gesti Standa vörð um græn svæði

skoða skólpálin með tilliti til sjósunds, sjósports osfrv

Fylgja tækniþróun sem nýtist íbúum og atvinnurekendum

Skólphreinsun

Heimssamband 100%

skoða skólpálin með tilliti til sjósunds, sjósports osfrv

Framlengja fráveitu skólps lengra út í sjó

TAKa inn í aðalskipulag hugmynd úr deiliskipulagi að takmarka umferð framhjá simbahöll og fyrirneðan leikskóla

Vindmyllur uppá Hrafseyraheiði

Bundið slitlag á malargöngustíga meðfram vegum

5G til Þingeyrar

Thingeyri strategic centre of Westfjords.

útvarp /sími frá öllum á heiðum og göngum

Innviðir	Vegir og stígar	Fjarskipti	Þjónusta	Endunýtanleg orka	Flugvöllur
	Höfnin	Veitur	Vatnsvernd	Háspennulínur	



### Göngu-, hjóla- og reiðstígar

Gera ráð fyrir merktum og uppbyggðum göngu-, hjóla- og reiðleiðum í kringum Sandafell, út í Haukadal og suður með þjóðveginum í átt að fjarðarbotni. Eins verði göngustígur meðfram sjónum frá Þingeyrarodda og út í Skjólvík.

### Virkan flugvöll

Aðalskipulag geri ráð fyrir löglegum flugvelli í Dýrafirði.

### Ekkert óhreinsað skólp í sjó

Fylgja lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og setja fram áætlun þar sem miðað er við umhverfismörk fráveitur og skólp fyrir útivistarsvæði við strendur.

### Háhraðasamband í byggð og öryggi á vegum

Aðalskipulag geri ráð fyrir mannvirkjum til að leggja háhraða nettengingu í öll hús og tryggja síma- og útvarpssamband á öllum þjóðleiðum til Þingeyrar.

### Sjávargata stoppi við tankinn

Breyta gatnagerð í núverandi aðalskipulagi svo Sjávargata hætti við tankinn. Þar verði snúningshringur fyrir bíla.

### Aukin endurnýjanleg orka

Tryggja orkuöryggi, auk vatnsaflsvirkjunar við Mjólká, með vindmyllugarði úr sjónmáli á fjallgarði milli Dýrafjarðar og Borgarfjarðar með tengingu við raforkukerfið við Dýrafjarðargöng.

### Sveigjanlegt og mannvænt miðsvæði og hafnarsvæði

Miðsvæði og hafnarsvæði geri ráð fyrir að hægt verði að setja upp tímabundna starfsemi nálægt sjónum, s.s. sumarmarkað, veitingastaði eða skapandi vinnustofur.

### Bílastæði miðsvæðis

Bílastæði, hleðslustöðvar og snúningssvæði við við smábátahöfn og göngu og hjólaleiðir þaðan fyrir gesti. Markmiðið að fá gesti til að leggja bifreiðum og njóta Þingeyrar gangandi eða á hjóli.

### Stofnbraut niður að höfn við miðbæ

Breyta gatnagerð í núverandi aðalskipulagi þannig að stofnbraut verði niður á Sjávargötu við gatnamótin á mótí Fjarðargötu 14.

### Geymslusvæði fyrir utan bæinn

Skipuleggja snyrtilegt geymslusvæði fyrir íbúa fyrir utan bæinn.

### Endurvinnsumóttaka miðsvæðis í þorpinu

---

# 8. Áfangastaður



# Hvað vilt þú að einkenni þennan þátt á Þingeyri næstu 20 árin? - bættu við gulum miða

Áfangastaður	Útivist	Íþróttir	Minjar og menning	Sjósport	
	Veitingahús	Gisting	Tjaldstæði		

Útilistaverkið Tankur

Byggja undir miðsvæðið sem menningar, þjónustu og frístundasvæði fyrir íbúa og gesti

Þingeyri verði miðstöð fyrir þjóðgarð á Vestfjörðum

Smartheit og lúksus í öllu, metnaðarfull þjónusta sem við erum þekkt fyrir hvort sem það er Hótel/gisting/veitingar/afþreying/aðstaða

Fjölbreytt ferðaþjónusta

Ímynd Dýrafjarðar: Grænt samfélag

Útilistaverkið Sólsetur

Áframhaldandi uppbygging á víkingasvæði

Þingeyri sem miðja útívista Vestfjarða.

Hrinda í framkvæmd hugmyndum úr deiliskipulagi um miðbæ Þingeyrar

aðdráttarafli sem skapar sérstöðu - menningar og upplifunar stöð

make more visible what is going on... both for buildings and open areas. "Life between buildings - Jan Geyl"

Gramsverslun verði miðstöð menningar

Áfangastaður	Útivist	Íþróttir	Minjar og menning	Sjósport
	Veitingahús	Gisting	Tjaldstæði	



### Miðstöð fyrir Vestfjarðþjóðgarð

Taka frá þjónustusvæði á Þingeyri eyrnamerkt þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarð og þjóðgarðauppbyggingu á Vestfjörðum.

### Víkingasvæði opið svæði til sérstakra nota

Tryggja áfram núverandi landsvæði til frekari uppbygginu víkingasvæðis í aðalskipulagi. Ekki sem svæði fyrir þjónustustofnun heldur opið svæði til sérstakra nota.

### Tankur og Sólsetrið

Gera ráð fyrir þessum útilistaverkum / fólksvöngum sem þegar eru komnir á skipulag.

### Gestastofa fyrir þjóðgarð - Vestfirsku alpana

Skilgreint verði svæði fyrir húsnæði gestastofu þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Svæðið geri bæði ráð fyrir framkvæmdatíma og gestastofu fyrir útivistarfólk sem vill heimsækja

### Göngu- og hjólaleið í kringum Sandafell

Gera ráð fyrir skipulögðum göngu- og hjólreiðastíg í kringum Sandafell, í hlíðum fjallsins.

..

---

# 9. Landnýting



# Landnýting - merkið inn á kortið með gulum miðum



Dæmi um málefni:

- Stóriðja?
- Endurnýtanleg orkuvinnsla?
- Þjóðgarður?
- Fiskeldi?
- Vatnsverndarsvæði?
- Útivistarsvæði?
- Vegir?

Að meiri virði skapist af fiskeldinu fyrir Þingeyri

Enga mengandi starfsemi hér - þetta er útivistarsvæði

Skapa góða aðstöðu fyrir útivistarfólk

Náttúruvæn og samfélagsvænt þyrflug

Þjóðgarður á skaganum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og suður til Vatnsfjarðar



# Landnýting - merkið inn á kortið með gulum miðum





# Landnýting - merkið inn á kortið með gulum miðum




---

# Tillaga að landnýtingu á Þingeyri

Bæta við korti frá Pálmari





---

# Önnur mikilvæg mál

Hér setjum við málefni sem fundarfólk nefndi en eru ekki tengd aðalskipulagi, t.d. spurningar um einstaka lóðir eða ábendingar til Ísafjarðarbæjar. Þessum málum verður svo komið í réttan farveg.

- Stýra hraða umferðar í bænum, t.d. hraðahindranir við skóla og miðbæ
- Snyrtilegir garðar og vel hirtar lóðir: skipuleggja hreinsunardaga og hrinda í framkvæmd öðrum hugmyndum sem hvetja íbúana til að hreinsa lóðirnar sínar t.d. að standa fyrir garðyrkjunámskeiði á vorin.
- Standa vörð um starfandi fyrirtæki: gagnsætt og skilvirkt stjórnkerfi, stofnstyrki og hagstæða skatta, og til nærsamfélagsins um að styðja við fyrirtæki, t.d. með athafnaklúbbi.
- Bundið slitlag á vegi innan Þingeyrar: kortleggja og forgangsraða slitlagi næstu 3 árin í samráði við íbúasamtökin.
- Tryggja framlag þingeyringa í ákvarðanir skipulagsnefndar Ísafjarðarbæjar.
- Tryggja svæði fyrir pop-up svæði, t.d. á svæði merktu Í18 (Hlíðargata) og koma Hlíðargötu í deiliskipulag og klára.

---

## Fleiri mikilvæg mál

- Vænlegur kostur fyrir „stafræna sérfræðinga“, einyrkja og listamenn. Þingeyri hefur upp á margt að bjóða til þess að laða að sér þá einstaklinga og fjölskyldur sem geta valið sér búsetuform og eru ekki bundin ákveðnum vinnustað eða svæði. Stafræna byltingin veldur því að þessu fólki fer stöðugt fjölgandi. Mikilvægt er að Þingeyri sé raunhæfur valkostur, hvort heldur um er að ræða fólk af höfuðborgarsvæðinu eða erlendis frá. Ríkisstjórn Íslands vinnur að því að styðja við þessa þróun (skattamál, o.s.frv.) og sveitarfélög/Þingeyri þarf einnig að vera í stakk búin til að taka þátt í þessari þróun.
- Setja upp skýr skilti + landnotkun: bílastæði, hvernig má heimsækja Þingeyri.

---

# Hafa samband

Þessar áherslur íbúa og velunnara Dýrafjarðar voru unnar að tilstilli Íbúasamtaka Þingeyrar, Átaks (formaður Sigmundur Fríðar Þórðarson), Öll vötn til Dýrafjarðar (verkefnastjóri Agnes Arnardóttir) og Blábankans (formaður Ketill Berg Magnússon).

Umsjón með úrvinnslu og framsetningu höfðu Ketill Berg Magnússon, Wouter Van Hoeymissen, Ólöf Valdimarsdóttir og Pálmar Kristmundsson.

Spurningum og ábendingum svarar:

Ketill Berg Magnússon

S 8984989

ketill@gmail.com